

## Um lýðræði 17. des. 2016

Við þurfum að hugsa lýðræði upp á nýtt. Það hefur meira eða minna umsnúist í skrumstælingu þess, sem það ætti að vera - eða hvað. Hvernig væri að glugga í Rousseau?:

„Úr því að enginn hefur náttúrulega yfirráð yfir náunga sínum, og úr því að máttur skapar engan rétt, getur lögmætt yfirvald manna á meðal einungis átt rætur í samkomulagi þeirra.“ (s. 66) J (ean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn, Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.)

„Að afneita frelsi sínu er að afneita því sem gerir mann að manni. Í slíku felst afneitun á réttindum mannkyns og jafnvel skyldum þess....Afneitun af þessu tagi stríðir gegn eðli mannsins, og að svipta vilja hans frelsinu er að svipta gjörðir hans hvers kyns siðferðilegu inntaki.“ (s. 67-68) Jean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn, Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.

„Móta þarf samtök sem verja og vernda af öllum sameiginlegum mætti sínum persónu og eignir hvers þess sem í hlut á. Hver og einn sameinast öllum, en hlúir jafnframt að sjálfum sér einum og er jafn frjáls eftir sem áður. Þetta er frumvandinn sem samfélagssáttmálinn ræður bót á.“ (s. 74)

„.....gefur sérhver sig öllum og þar með engum.“ (s. 75)

„.....meðal þess sem ríki siðmenningarinnar gefur af sér er siðferðilegt frelsi. Það eitt gerir manninn sannarlega að sjálfs síns herra, því að sá sem er á valdi eðlishvatanna einna lifir í þrældómi, en hlýðni við lög sem menn setja sér sjálfir er frelsi.“ (s. 82)

„Því fer fjarri að grunnsamningurinn eyðileggi hið náttúrulega frelsi. Öllu heldur leggur hann grunn að siðferðilegu og lögmætu jafnrétti á kostnað þess líkamlega misréttis manna á milli sem rekja má til náttúrunnar. Menn geta verið ójafnir að aflsmunum eða gáfum en verða allir jafnir vegna samkomulags og réttar.“ (s. 86) Jean-Jacques Rousseau. Samfélagssáttmálinn Már Jónsson og Björn Þorsteinsson þýddu, Hið íslenska bókmenntafélag, Rvk. 2004.